

Nd.

449. Nefndarálit

um frv. til l. um stofnun tilraunabúa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefndin hefir orðið ásátt um að bera fram tillögu til þingsályktunar í sameinuðu Alþingi um skipun nefndar til þess að athuga alla tilraunastarfsemi varðandi landbúnað. Af þessari ástæðu telur nefndin ekki rétt að taka frumvarpið til meðferðar nú, en leggur til, að það verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem fram er komin tillaga til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar, til þess að taka alla tilraunastarfsemi landbúnaðarins til athugunar, telur deildin ekki rétt að afgreiða þetta frumvarp nú, þar sem milliþinganefndin mun að sjálf-sögðu taka frumvarpið til athugunar, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. maí 1938.

Bjarni Ásgeirsson,	Steingr. Steinþórsson,	Jón Pálmason.
form.	fundaskr., frsm.	
	Pétur Ottesen.	Emil Jónsson.